

5

**Umferðaröryggisúttekt
Hringvegur,
1-g9**



20.06.2017

Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar


Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

EFNISYFIRLIT:

1 Inngangur	2
2 Úttektarhópur og úttektarferli	2
3 Gögn	3
4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar	3
5 Samantekt um úttektina	5
Fylgiskjal	6

1 Inngangur

Hringvegur kafli 1-g9 er 9,12 km langur. Kaflinn tilheyrir Vestursvæði Vegagerðarinnar. Kafli 1-g9 liggur frá Hvítárvallavegi (510-01) að Borgarfjarðarbraut (50-05). Hringvegur er stofnvegur og vegkafla 1-g9 er með bundnu slitlagi. Ársdagsumferð, ÁDU, árið 2013, var 2013 bílar á sólarhring á vegkafla 1-g9, sjá töflu 1. Leyfilegur hámarkshraði á vegkafla 1-g9 er 90 km/klst.



Mynd 1 Hringvegur, 1-g9.

2 Úttektarhópur og úttektarferli

Í úttektarhópnum voru Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, Kristján Kristjánsson, forstöðumaður hönnunardeildar Vegagerðarinnar, Jón Hjaltason, verkefnastjóri á umferðardeild Vegagerðarinnar og Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á umferðardeild Vegagerðarinnar.

Enginn sérstakur undirbúningsfundur var haldinn en það var ákveðið að gera vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina í einni ferð. Úttektarhópurinn sá um vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina og fór hún fram 8. og 11. september 2014.

Jón sá um akstur og mælingar. Auður og Katrín sáu um skráningu í vettvangsskráningarkerfið og tóku ljósmyndir. Auður, Katrín og Kristján mátu aðstæður og komu með tillögur að úrbótum. Katrín og Auður sáu um gerð skýrslunnar.

3 Gögn


Gögnin sem úttektarhópurinn var með voru Veghönnunarreglurnar, Umferð á þjóðvegum og Umferðaröryggisúttekt vega, leiðbeiningar.

4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar

Á tímabilinu 2009-2013 urðu 30 umferðarslys á Hringvegi, kafla 1-g9. Meðalslysátíðnin á Hringvegi, kafla 1-g9, var 0,89 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2009-2013. Til samanburðar var meðalslysátíðnin á þjóðvegum (þ.e. stofn-, tengi- og landsvegum) í dreifbýli 0,91 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2009-2013 og meðalslysátíðni á Hringveginum í dreifbýli var 0,82 slys á milljón ekinna km á sama tímabili. Meðalslysátíðnin á tímabilinu 2009-2013 á kaflanum sem tekinn var út var því aðeins lægri en meðalslysátíðni á þjóðvegum í dreifbýli en hærri en meðalslysátíðni á Hringveginum í dreifbýli á sama tímabili.

Í 11 af 30 umferðarslysum urðu meiðsli á fólki, í þremur tilvikum urðu mikil meiðsli á fólki og í átta tilvikum urðu lítil meiðsli á fólki. Hálfu – og ísingarslys voru algeng á vegkaflanum á tímabilinu sem var skoðað, í 12 tilvikum var hálfka eða ísing skráð á vegi þegar slys varð. Næstalgengast var að vegurinn var þurr þegar slysið varð eða í átta tilvikum. Vegurinn var blautur í fjórum tilvikum, snjór var á veginum í einu tilviki en ekki er vitað um færð í fimm tilvikum. Í 15 tilvikum var dagsbirta úti þegar slysið varð. Í níu tilvikum var myrkur en ekki er vitað um birtuskilyrði í sex tilvikum.

Langalgengast var að slys varð við útafakstur, 18 tilvik, eða í 60% tilvika. Í fjórum tilvikum varð slys við aftanákeyrslu, í þremur tilvikum var ekið á dýr á akbraut, í tveimur tilvikum var ekið á fastan hlut á akbraut, í tveimur tilvikum var ekið á hlið bifreiðar og í einu tilviki var ekið framan á aðra bifreið.



Mynd 2 Umferðarslys á Hringvegi, 1-g9.

Í þeim slysum þar sem mikil meiðsli urðu á fólki urðu tvö við útafakstur og eitt þegar ekið var á hlið bifreiðar. Vegurinn var þurr í einu tilvikinu, blautur í einu og ísing var á veginum í einu tilviki þegar mikil meiðsli urðu í slysinu. Tvö slyssanna urðu í dagsbirtu og eitt í myrkri. Lítil meiðsli urðu í átta slysum á vegkaflanum, fimm urðu við útafakstur, tvö við aftanákeyrslu og eitt þegar ekið var framan á aðra bifreið. Hálfka eða ísing var í fimm tilvikum þegar lítil meiðsli urðu, vegurinn var þurr í tveimur tilvikum og blautur í einu. Í fimm tilvikum var dagsbirta þegar slysið varð og í þremur tilvikum var myrkur.

Tveir staðir á vegkafla 1-g9 eru sérstaklega eftirtektarverðir þegar slysin eru skoðuð. Á 175 m kafla frá stöð 6026-6201 urðu tvö alvarleg slys við útafakstur. Í öðru tilvikinu var ísing á veginum en vegurinn var blautur í hinu tilvikinu. Myrkur var úti þegar annað slysið varð en dagsbirta í hinu. Á 75 m kafla frá stöð 3743-3818 urðu 5 slys, lítil meiðsli urðu í þremur þeirra en engin meiðsli í tveimur. Þrjú þessara slysa urðu við útafakstur, eitt við aftanákeyrslu og eitt þegar ekið var framan á aðra bifreið. Ísing eða hálfka var í fjórum þessara slysa en ekki er vitað um færð í einu tilviki. Þrjú slyssanna urðu í myrkri, eitt í dagsbirtu og ekki er vitað um birtuskilyrði í einu tilviki.

Mikilvægt er að huga sérstaklega að umhverfi vegarins við þá staði sem skera sig úr hvað slysin varðar. Á tímabilinu 2009-2013 urðu 12 slys á vegkaflanum þegar hálfka eða ísing var á veginum en það undirstrikar mikilvægi hálfkuvarna. Útafakstur var langalgengasta slysattegundin á vegkaflanum á tímabilinu sem var til skoðunar og því er mikilvægt að útfæra umhverfi vegarins þannig að alvarleg slys verði ekki á fólki þó að það lendi út af vegi.

Í töflu 1 eru sýnd grunnöggn sem eiga við úttektarkaflann.

Tafla 1 Grunnöggn

Veg- og kaflanúmer og stöð í km		Leyfilegur hámarks- hraði (km/klst)	ÁDU (fjöldi bíla á sólahr.)	Lágmarks-breidd öryggissvæðis (m)
Byrjun	Endir			
1-g9_0,00	1-g9_9,12	90	2013	7

5 Samantekt um úttektina

Helstu athugasemdir sem gerðar voru í umferðaröryggisúttekt þessari eru að víða eru fláar of brattir á vegkaflanum sem var til skoðunar og óvarin ræsi sem þarf að lengja og laga. Einnig eru stakir steinar nálægt vegi á nokkrum stöðum. Í úttektinni kom fram að gróður hindrar eða stefnir í að hindra vegsýn á nokkrum stöðum.

Á tveimur stöðum var sérstaklega skráð að hafa ætti staðinn í forgangi eða um slæman stað væri að ræða. Þessir staðir eru eftirfarandi:

- Skurður við veg vinstra megin, frá stöð 1419-2730
 - Skurðurinn er vel innan öryggissvæðis, er breiður en misdjúpur og alltof nálægt vegi. Skurðurinn er mest í 8-9 m fjarlægð frá vegi en kemur mun nær veginum á köflum. Skurðurinn virðist ekki vera nauðsynlegur svo best væri að fylla upp í hann.
- Óvarið ræsi vinstra megin, í stöð 3722.
 - Slæmur staður, lítið ræsi en brattur flái í kring og slæmur skurður á móti. Lengja þarf ræsið, fylla í fláa og laga.

Niðurstöður úttektarinnar er að finna í fylgiskjali aftast í skýrslunni. Í því eru upplýsingar um öll atriði sem skráð voru í umferðaröryggisúttekt vegarins, þ.e. staðsetning (lengd í línu) og nánari lýsing ásamt ljósmyndum, ef til eru. Í sumum tilvikum eru nefndar tillögur til úrbóta en nauðsynlegt er að hanna sum atriðanna fyrir framkvæmdir.

Bent skal á að árið 2015 var byrjað að vinna að umferðaröryggisaðgerðum á grundvelli þessarar úttektar á tveimur stöðum á kaflanum. Í fyrsta lagi voru ræsi lengd beggja vegna vegarins í beygjum við Galtarholt og lagað í kringum þau. Skurður var færður til að hægt væri að laga fláann. Verkinu lauk árið 2016. Við Svignaskarðsrétt var klöpp fleyguð niður. Efri tengingu að Svignaskarðsrétt var lokað og stútur og beygja upp að réttinni voru löguð.

Umferðaröryggisúttekt vega



Fylgiskjal

Veg- og kaflnr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Hvítárvallavegur (510-01)	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2			Vegamót	H	Hvítárvallavegur 510
17			Vegamót		Hvítárvallavegur, laga kverkar
18	623	605	Skurður við veg	H	Skurður innan aukins öryggissvæðis
24	207	183	Of brattur flái	H	Lágur en brattur flái, stallur
619			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	2 hólkar, óvarið ræsi, lengja ræsi og laga fláa, sjá mynd.
689			Of brattur flái	V	Ekki svo brattur að hluta til. Þarf að skoðast betur þegar gróðurstaða er önnur.
717	752	35	Skurður við veg	H	Skurður innan aukins öryggissvæðis, spurning hvort hann nái 1 m að dýpt. Á jaðrinum.
1239	1274	35	Vegsýn skert gróður	V	Líklegt að þessi gróður muni byrgja sýn í framtíðinni.
1417			Vegamót	H	Vegamót, Galtarholt 3, vegamótin koma undir afleitu horni.
				Dagsetning gagna frá - til:	8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:

	1-g9_619

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
1419	2730	1311	Skurður við veg	V	Vel innan öryggissvæðis. (Byrjar í raun 3 m norðar). Þessi skurður sem er mjög misdjúpur og er alltof nálægt vegi. Mikilvægt að skoða. Er misnálægt vegi, mest í 8 m-9 m fjarlægð en mun nær á köflum en líka breiður. Gerir ekkert gagn. Forgangur.
1419	1509	90	Vegsýn skert gróður	V	Líklegt til að byrgja sýn fyrr eða síðar.
1452	2340	888	Skurður við veg	H	Skurður innan aukins öryggissvæðis. Mjög lúmskt vegna gróðurs. Erfitt að átta sig á skurðinum þar sem hann er fylltur af trjágróðri að hluta. Þegar líður á þá er skurðurinn alveg í veginum.
1667	1819	152	Vegsýn skert gróður	V	Gróðurbelti er að byrja að byrgja vegsýn.
1893			Vegamót	H	Vegamót að Dvergholti, laga kverkar.
2081	2117	36	Stórt tré við veg	V	
2275			Vegamót	H	Vegamót inn að sumarhúsum, stíflað ræsi í gegnum tenginguna, kverkarnar í sjálfu sér ekki svo slæmar. Ræsið liggur allt of hátt og því myndast há vatnsstaða við veginn.
2391			Stakir steinar	H	Stakur steinn í jaðri öryggissvæðis, mjög stór
2392	2414	22	Klöpp nálægt vegi	H	Klöpp innan öryggissvæðis
2684			Vegamót	H	Vegamót, Arkarholt, einnig stendur Galtarholt 3, greinilega fleiri en ein tenging að Galtarholti. Mætti laga kverkar norðanmegin vegamótanna.
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2701	2728	27	Of brattur flái	V	
2731			Ýmislegt	H	Rafmagnsstaur innan öryggissvæðis. Einstæða.
2732			Stakir steinar	H	Stakur steinn innan öryggissvæðis.
2767	2826	59	Klöpp nálægt vegi	H	Gróður í klapparholti sem dregur úr sjónlengdum í beygju sem þarna er.
2828			Ýmislegt	V	Háspennustaur í 10 m fjarlægð frá vegkanti. Er í línu ef ekið er út úr beygju þegar komið er að norðan.
2871	3101	230	Of brattur flái	V	
3024			Vegamót	V	Vegamót að Staðarhúsum, Laxholti, Galtarholti. Laga þarf kverkar.
3024			Merkjapúði	V	Skiltapúði með afleitum fláa/kverkum, sjá mynd.
3025			Of brattur flái	H	Of brattur flái.
3095			Vegamót	H	Vegamót Galtarholt 1 og Heyholt, laga kverkar.

Dagsetning gagna frá - til: 8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:



1-g9_3024

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
3112			Ýmislegt	H	Hornstaur í girðingu, stór og breiður. Sjá mynd. í 10-11 m fjarlægð
3163	3354	191	Of brattur flái	V	Brot í fláa en ekki hár.
3234			Ýmislegt	H	Girðingarstaur, nokkuð stór.
3316			Ýmislegt	H	Nokkuð stór girðingarstaur innan öryggissvæðis.
3390			Vegsýn skert gróður	H	Gróður við veg sem hindrar sjónlengdir, í beygju.
3417			Skering nálægt vegi	H	Jafna skeringu og grjóthreinsa.
3441			Merkjapúði	V	Laga þarf fláa. Betra hefði verið að sleppa því að setja púðann.(Staðarhús)
3487			Skering nálægt vegi		Endapunktur skeringar.
3581	3944	363	Ýmislegt		Stefnuörvar
3581	3792	211	Of brattur flái	H	Brattur flái, brattari en 1:2 og 3 m hár, sjá mynd.
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:



1-g9_3112



1-g9_3581-3792

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
3674	3792	118	Skurður við veg	H	Skurður í jaðri öryggissvæðis
3680	3802	122	Of brattur flái	V	
3722			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Slæmur staður. Lítið ræsi en bratt ofan á það. Slæmur skurður á móti. Þarf að lengja ræsi. Það liggur djúpt. Fyrst og fremst spurning um að fylla í og laga fláa.
3802	4144	342	Vegsýn skert gróður	V	Gróður sem stefnir fyrir eða síðar í að skerða vegsýn inn í beygju. Það þýðir að yfirborðsmerkingar verða rangar.
3861	4921	1060	Skurður við veg	H	13 m frá vegi er skurður, innan aukins öryggissvæðis sem er meira en 1 m á dýpt. Skurður færast nær vegi við Stekkjarás.
4020	4163	143	Of brattur flái	V	Mjög lágur.
4258			Vegamót	H	Vegamót Stekkjarás, kverkar slæmar
4375			Vegamót	V	Vegamót við Valbjarnarvelli. Laga þarf kverkar.
4836			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Æskilegt að lengja ræsi.
4921			Tenging	H	Tenging við reiðleið
4952	5021	69	Grjót meðfram vegi	V	
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:

--	--

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
5093	5368	275	Skurður við veg	H	Skurður byrjar innan aukins öryggissvæðis
5101	5179	78	Of brattur flái	V	
5121	5207	86	Skurður við veg	V	Þyrfti að flá niður skurðbakka og nota efnið í fláann. Ath. KK hefur skissað upp lausn.
5248	5294	46	Of brattur flái	V	
5368	5528	160	Ýmislegt	H	Víravegrið til staðar við Skarðslæk.
5381	5565	184	Ýmislegt	V	Víravegrið til staðar. Skarðslækur.
5552	5664	112	Vegsýn skert gróður	H	Hreinsa gróður, skyggir á vegsýn.
5638	5736	98	Of brattur flái	V	
5647			Tenging	H	Tenging að sumarhúsum, erfitt að átta sig á kverkum vegna gróðurs. Væntanlega stíflað ræsi í gegnum tengingar. Slæmar kverkar, sérstaklega norðan við.
5706			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Óvarið ræsi, erfitt að sjá vegna gróðurs. Lengja ræsi um fjóra metra
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
5736	6154	418	Vegsýn skert gróður	V	Gróður sem stefnir í að hindra vegsýn. Tré á stangli.
6118			Stakir steinar	V	3 stakir steinar sem standa 20 cm upp úr.
6145	6289	144	Of brattur flái	V	
6162	6293	131	Of brattur flái	H	Brattur flái
6306			Vegamót	H	Vegamót við Daníelslund, laga kverk norðan við.
6329	6432	103	Vegsýn skert gróður	V	Gæti farið að stytast í að gróður hindri vegsýn.
6371	6432	61	Grjót meðfram vegi	V	
6432			Stakir steinar	V	3 stakir steinar.
6515			Tenging	H	Tenging að ómerktu pláni, í lagi með kverkar en stíflar vatnsrásina. Afvötnun athugaverð.
6541			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Óvarið ræsi, lítið
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
6564	6631	67	Of brattur flái	V	
6777	7184	407	Of brattur flái	V	Flái mjög brattur á köflum. ATH.
6846	7183	337	Of brattur flái	H	Stallaður flái, stuttur stallur. Ekki hár, og ekki stallaður að hluta til, erfitt að meta á köflum, misjafn.
6847			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lítið óvarið ræsi, 30-40 cm, lengja ræsið aðeins.
7050			Vegamót	V	Vegamót að Borgarseli. Laga þarf kverkar, sérstaklega sunnan við.
7052			Tenging	H	Ómerkt tenging, laga þarf kverkar báðum megin.
7184	7211	27	Skering nálægt vegi	V	Klapparskering sem er að hrynja niður í 7 m fjarlægð frá kantlínu. Í skeringarbrúninni er tvístæða, háspenna. [Ath. árið 2015 var þessi klöpp fleyguð niður.]
7215			Tenging	H	Tenging að Svignaskarðsrétt, ætti að loka og færa skilti að fyrri tengingu sem var ómerkt. [Ath. árið 2015 var efri tengingu að Svignaskarðsrétt lokað og stútur og beygja upp að réttinni voru jafnframt löguð.]
7227	7428	201	Of brattur flái	V	Brotflái (súnk)
7239			Stakir steinar	V	Stór steinn, 70 cm að þvermáli.
7300			Vegamót	H	Vegamót að Svignaskarði, laga kverkar
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:

--	--

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hvítárvallavegur (510-01)	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
7304	7362	58	Of brattur flái	H	Of brattur flái
7376			Ýmislegt	H	Steyptur stöpull innan öryggissvæðis.
7379	7447	68	Klöpp nálægt vegi	H	Skering við veg, innan öryggissvæðis.
7447			Ýmislegt		Hér eru 3 tengingar á langri blindhæð.
7440			Vegamót	V	Vegamót við Langavatnsveg. Laga þarf kverkar.
7450			Merkjapúði	V	Þarf að laga fláa.
7482	7563	81	Skering nálægt vegi	V	Blindhæð og beygja. Fjarlægð frá kantlínu í skeringu er 8,2 m-8,6 m Sleppur því miðað við öryggssvæði m.v. 100 km/klst.
7546			Tenging		Tenging að útsýnisskífu, kverkarnar eru slæmar, sérstaklega norðan megin.
7553	7808	255	Skurður við veg	H	Skurður í ca. 8 m fjarlægð, ekkert mjög djúpur en dýpkar. Breytist á tímabili í skurðbakka, skurðurinn er þurr.
7586	7648	62	Skurður við veg	V	Skurður í ca. 10 m fjarlægð frá kantlínu, um 1 m djúpur
7944	8281	337	Skurður við veg	H	Skurður innan öryggissvæðis
				Dagsetning gagna frá - til:	8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:

--	--

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hvítárvallavegur (510-01)	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
7993	8187	194	Skurður við veg	V	Skurður í 9 m fjarlægð frá kantlínu, nær og fjær á köflum.
8020			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lítið ræsi sem þarf að lengja og fylla upp í.
8022	8099	77	Of brattur flái	V	
8056			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Ljótt ræsi. 70 cm, hylur við enda ræsis. Djúpt vatn, Lengja ræsi og laga fláa.
8057			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja og fylla yfir. 60-80 cm.
8121			Ýmislegt	V	90 km/klst. Skilti.
8236	8380	144	Ýmislegt	H	Vegrið til staðar, vegrið er utarlega á steyptri brík sem getur skapað hættu. Bitavegrið, sjá mynd.
8328			Vegrið vantar		Brú yfir Gljúfurá. Lengja þarf vegrið og yfirfara þau, t.d. m.t.t. steyptrar bríkur.
8414			Vegamót	V	Vegamót að einhverju óskilgreindu. Kverkar í lagi.
8430			Vegamót	H	Vegamót að Sólheimatungu. Laga þarf kverkar aðeins báðum megin.
8446	8548	102	Klökk nálægt vegi		Klökk innan öryggissvæðis
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:



1-g9_8236-8380

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g9	Hvítárvallavegur (510-01)	Borgarfjarðarbraut (50-05)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
8541			Merkjapúði		H Skiltapúði, Baulan, laga fláa.
8596	8776	180	Of brattur flái		H Brattur flái, skurður í framhaldinu að hluta.
8597	8667	70	Skurður við veg		H Djúpur skurður innan aukins öryggissvæðis, meira en 1 m.
8601			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Ræsi, óvíst með stærð, óvarið.
8897			Merkjapúði		H Athuga hvort þurfi að laga fláa aðeins, en það þarf líklega ekki að laga mikið.
9086	9118	32	Vegbúnaður við veg		V Brotstaurar. Skerstaurar.
9118			Vegamót		Vegamót við Borgarfjarðarbraut.
8894	26 (h0)	252	Vegbúnaður við veg		ATH. Skráning fer yfir kaflaskil. Lengd er frá kafla g9 til h0. Ljósastaur, brotastaurar. Ekið hefur verið á endastaurinn, ATH þarf að láta vita. Illa laskaður, tekin mynd.

Dagsetning gagna frá - til: 8.9.2014 14:20:07 - 11.9.2014 11:02:38

Myndir:



1-g9_8894-26 (h0)